

Fundargerð

**215. fundur svæðisstjórnar Vatnajökulspjóðgarðs, haldinn í fjarfundi,
miðvikudaginn 17. september kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Svæðisstjórnarfulltrúar

Sigurjón Andrússon, formaður svæðisstjórnar

Ívar Karl Hafliðason, varamaður formanns og varaformaður

Gerður Sigtryggisdóttir, formaður svæðisráðs norðursvæðis

Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs austursvæðis

Eyrún Fríða Árnadóttir, formaður svæðisráðs suðursvæðis

Þráinn Ingólfsson, formaður svæðisráðs vestursvæðis

Benedikt Traustason, fulltrúi umhverfisverndarsamtaka

Snorri Ingimarsson, fulltrúi útivistarsamtaka

Ágúst Elvarsson, fulltrúi ferðamálasamtaka á svæði Vatnajökulspjóðgarðs og Samtökum ferðaþjónustunnar

Starfsfólk

Sigrún Ágústs dóttir, forstjóri

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, starfsmaður á þróunarsviði

Davíð Örvar Hansson, teymisstjóri á stjórnunar- og verndarsviði

Stefán Frímann Jökulsson, sérfræðingur á stjórnunar- og verndarsviði

Hákon Ásgeirsson, sviðsstjóri á stjórnunar- og verndarsviði

Anna Þorsteinsdóttir, þjóðgarðsvörður á hálendi norðursvæðis

Helga Hvanndal Björnsdóttir, aðstoðarþjóðgarðsvörður á hálendi norðursvæðis

Helga Árnadóttir, sérfræðingur á stjórnunar- og verndarsviði

Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður í Skaftafelli

Þórhallur Jóhannsson, starfandi þjóðgarðsvörður á suðaustursvæði, Höfn

1. Fundargerðir svæðisráða

Formenn svæðisráða kynntu fundargerðir frá 146. og 147. fundum svæðisráðs suðursvæðis og 119. fundi svæðisráðs norðursvæðis.

Lagt fram til kynningar.

2. **Stjórnunar- og verndaráætlun - Vatnajökulspjóðgarður - Breyting - Vonarskarð 2025 - Kynningarferli - 202508-0061**

Lagðar fram umsagnir sem borist hafa um tillögu að breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs varðandi Vonarskarð.

Umsagnir lagðar fram til kynningar.

3. **Stjórnunar- og verndaráætlun - Vatnajökulspjóðgarður - Breyting - Vonarskarð 2025 - Úrvinnsla umsagna - 202508-0061 - 202509-0090**

Davíð Örvar Hansson og Stefán Frímann Jökulsson komu til fundar og fóru yfir framlögð drög að greinargerð, vöktunaráætlun og breytingatillögu á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs vegna Vonarskarðs. Hákon Ásgeirsson kom til fundar.

Davíð, Stefán og Hákon fóru af fundi að afloknum fyrirspurnum.

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu sem niðurstöðu stjórnar:

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs hefur tekið afstöðu til framlagðrar breytingartillögu á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins um tilraunaopnun Vonarskarðs fyrir vélknúna umferð. Málið hefur verið til umræðu um áráð og endurtekið komið til kasta stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs og svæðisráðs vestursvæðis. Meirihluti svæðisráðs vestursvæðis lagði þegar árið 2020 til tilraunaopnun með fyrirvörum.

Samþykkt breytingartillaga felur í sér að heimiluð verði vélknúin umferð frá 1. september ár hvert og þar til svæðið verður ófært vegna árferðis. Breytingin verði í tilraunaskyni til fimm ára, auk þess sem heimilaðar verða hjólræðar. Með breytingunni fylgir ítarleg vöktunaráætlun þar sem skilgreind eru viðmiðunarmörk og viðbrögð. Gefi vöktun til kynna að náttúrufari svæðisins verði stefnt í hættu vegna aukins álags samhliða setningu bráðabirgðaákvæða, og rekja má til opunar fyrir vélknúin ökutæki eða reiðhjól, verður brugðist við líkt og kemur fram vöktunaráætlun.

Vonarskarð er víðáttumikið svæði þar sem upplifun víðerna er sterk, og verndargildi þess óumdeilt. Svæðið ber þó einnig merki um vélknúna umferð í fortíðinni og gömul akstursleið liggur þar þegar fyrir. Með því að nýta þessa slóð og stika hana er unnt að draga úr hættu á utanvegaakstri og halda akstri frá viðkvæmustu jarð- og gróðursvæðum. Breytingin felur ekki í sér nýja vegagerð og snertir ekki þau jarðfræðilegu gildi sem liggja að baki samþykkt Vatnajökulspjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO.

Lögð verður áhersla á landvörslu og eftirlit á tilraunatímabilinu. Stjórn óskar jafnframt eftir því að fá reglulegar upplýsingar um niðurstöður vöktunar á tímabilinu, þannig að hún hafi raunhæfan grundvöll til að bregðast við ef nauðsyn krefur.



Með samþykkt breytingarinnar er stigið skref í átt að málamiðlun sem sameinar sjónarmið þeirra sem vilja halda svæðinu lokuðu og þeirra sem vilja opna það að fullu. Göngufólki er áfram tryggður friður yfir sumarið, en tilraunaopnun að hausti veitir fleiri hópum aðgang að svæðinu, þar á meðal öldruðum og hreyfihömluðum. Ákvörðunin er tímabundin og endurskoðanleg að loknu fimm ára tímabili, þegar byggt verður á reynslu og gögnum.

Tillaga borin fram til atkvæða og samþykkt með 7 atkvæðum Sigurjóns Andrússonar, Ívars Karls Hafliðasonar, Gerðar Sigtryggsdóttur, Vilhjálms Jónssonar, Eyrúnar Fríðu Árnadóttur, Bráins Ingólfssonar og Snorra Ingimarssonar, gegn 1 atkvæði Benedikts Traustasonar.

Benedikt Traustason fulltrúi umhverfisverndarsamtaka lagði fram eftirfarandi bókun:

Deilt hefur verið um akstur í Vonarskarði í rúman áratug og þeim deilum mun ekki linna með tilraunaopnun sem hefur óljós markmið, stendur á völtum lagalegum grunni fer gegn ítrekuðum varnaðarorðum þeirra fagstofnana sem stjórninni ber skylda að taka tillit til.

Umferð gesta um hálendi landsins hefur síst farið minnkandi á undanförunum árum, sér í lagi umferð óvanra ökumanna. Ekkert tillit hefur verið tekið til þessa í gögnum stjórnar en gögn um ferðamennsku á svæðinu eru úrelt og talningargögn af svæðinu beinlínis röng. Þá vantar enn mat á hvaða áhrif breytingin kann að hafa á náttúru svæðisins sem og öryggi þrátt fyrir ábendingar þar um. Það er sérstaklega brýnt eftir að mönnun hálendisgæslu á svæðinu var felld niður nú í sumar.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs hefur í sjö skipti á síðustu 13 árum ályktað um málið, alltaf á einn veg. Áfram eigi að vera heimilt að aka um svæðið á frosinni snævi þakinni jörð. Það væri óskandi að meirihluti svæðisstjórnar, sér í lagi nýir fulltrúar hennar, tækju skref aftur og í stað þess að keyra tillöguna í gegn á ítrekuðum aukafundum um hásumar, veltu fyrir sér hvað hefði breyst frá síðustu sjö ályktunum stjórnarinnar. Ljóst er að stjórnin hefur ekki fengið nein gögn í hendur sem sýna fram á minni umferð um hálendið, vanari ökumenn, bættu umgengni eða minni hættu á náttúruspjöllum en á undanförunum 13 árum – þvert á móti. Nýleg dæmi um utanvegaakstur á Vikrafellsleið og Dyngjufjalladal vitna um það.

Nú er mál að linni vilji svæðisstjórn þjóðgarðsins láta taka sig alvarlega sem gæslumenn stærsta náttúruverndarsvæðis landsins; svæðis sem hefur unnið sér sess á heimsminjaskrá UNESCO. Enn er tækifæri til þess að láta af þeirri þráhyggju sem virðist hafa drifið þetta mál áfram á feringaraldur og vinna það á grundvelli vísindalegra gagna, umsagna fagstofnanna og með virðingu fyrir þeim verðmætum sem þar eru í stað óljósra hagsmuna. Kaldari kveðjur gæti stjórnin varla sent í kjölfar dags íslenskrar náttúru en að afgreiða þetta mál með þessum hætti.



4. Stjórnunar - og verndaráætlun - viðauki - Herðubreið og Austurafrétt Bárðdæla - auglýsingar og kynningarferli - 202504-0042

Anna Þorsteinsdóttir, Helga Hvanndal Björnsdóttir og Helga Árnadóttir komu til fundar og kynntu viðauka við Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er varðar Austurafrétt Bárðdæla. Viðaukinn hefur fengið afgreiðslu í svæðisráði norðursvæðis. Vinnan hefur gengið vel, samvinna við lögbundna umsagnaraðila verið góð og samráð við heimamenn og aðra hagsmunaaðila hefur gengið vel.

Anna Þorsteinsdóttir, Helga Hvanndal Björnsdóttir og Helga Árnadóttir fóru af fundi í kjölfar kynningar.

Lagt fram til kynningar. Verði tekið til afgreiðslu svæðisstjórnar á næsta stjórnarfundi, 15. október 2025 með það fyrir augum að fari í opið kynningarferli.

5. Íshellaferðir og jöklagöngur - auglýsing um úthlutun leyfa - haust 2025 - 202502-0113

Þórhallur Jóhannsson og Hrafnhildur Ævarsdóttir komu til fundar og sögðu frá umsóknarferli vegna íshellaferða og jöklagangna.

Farið yfir stöðu mála með hliðsjón af matskvarða og yfirferð á ferlinu. Alls bárust 34 umsóknir. Gerðir voru 30 samningar, til tveggja ára, líkt og áform voru um. Fundur er áformaður með samningshöfum á Hrollaugsstöðum 18. september n.k. þar sem farið verður yfir samstarf á samningstímanum.

Þórhallur Jóhannsson og Hrafnhildur Ævarsdóttir fóru af fundi að lokinni kynningu.

Umræður um aðgengismál, úthlutanir og viðbrögð við samningsbrotum. Jafnframt um næsta samningstímabil.

Til kynningar.

Stjórn lýsir ánægju með að þegar skuli vera hafin vinna við undirbúning næstu úthlutunar samninga sem taki gildi haustið 2027. Áhersla verður lögð á að það ferli verði með góðum fyrirvara og þeir samningar verði til lengri tíma, til þess gert að auka fyrirjáanleika rekstraraðila/samningshafa og mæta markmiðum þjóðgarðsins.

6. Rekstraráætlun 2026 - 202509-0089

Sigrún Ágústsdóttir sagði frá því að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur sent Náttúruverndarstofnun upplýsingar um væntar fjárveitingar vegna rekstrarársins 2026. Gert er ráð fyrir auknum sértekjum, einkum vegna fjölgunar ferðamanna og unnið er að nýjum viðmiðum fyrir þjónustugjöld á vinsælum ferðamannastöðum.

Svæðisstjórn Vatnajökulspjóðgarðs leggur áherslu á að tryggð verði öflug landvarsla og þjónusta innan þjóðgarðsins í samræmi við umræður á fundinum. Brýnt er að fjárveitingar standi undir lögbundnum skyldum þjóðgarðsins óháð sveiflum í gestafjölda og að þjónustugjöldum sé ráðstafað með gegnsæi og markvissri forgangsörðun. Þá telur svæðisstjórn mikilvægt að gjöld sem lögð eru á rekstraraðila með atvinnustarfsemi innan þjóðgarðs nýtist sérstaklega til eftirlits og umsjónar með þeirri starfsemi.

Eyrún Fríða Árnadóttir fór af fundi.

7. Starfsáætlun 2025-2029 - svæðisstjórn Vatnajökulspjóðgarðs - 202508-0074

Formaður kynnti framlögð drög að starfsáætlun svæðisstjórnar Vatnajökulspjóðgarðs fyrir árin 2025–2029. Markmið starfsáætlunarinnar er að skýra stefnu, forgangsörðun og verklag stjórnarinnar, tryggja faglega stjórnsýslu og stuðla að árangursríkri samvinnu innan stjórnkerfis Náttúruverndarstofnunar, við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

Starfsáætlun er lifandi skjal sem þarfnast uppfærslu eftir því sem fram vindur. Stjórn mun endurskoða og meta hana minnst árlega. Starfsáætlun er verkfæri til að stýra vinnu stjórnar og fylgja eftir lögbundnu hlutverki með vandaðri ákvarðanatöku þar sem gagnsæi, samráð og ábyrgð eru höfð að leiðarljósi.

Drög að starfsáætlun 2025-2029 lögð fram til kynningar. Stjórnin fagnar framlagðri vinnu og lítur á starfsáætlunina sem mikilvægt tæki til að móta stefnu, áherslur og forgangsörðun verkefna næstu ára.

Samþykkt að taka drögin til ítarlegrar umræðu og afgreiðslu á næsta stjórnarfund, 15. október 2025.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:00.